



# Svínarækt á Íslandi

„verð og gæði fara oftast saman“

Af og til sprettur upp umræða um afnám tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum. Ástæðan er auðvitað sú að matvælavæðing á Íslandi er mjög hátt á sama tíma og ríkisstyrkir til landbúnaðar eru með því hæsta sem þekkist í Evrópu. En matvælaframleiðsla á Íslandi er fjölbreytt og ekki er hægt að setja allar greinar undir sama hatt. Neytendablaðið ákvað að skoða svínakjötsframleiðslu nánar en hugmyndir um afnám tolla á innfluttu svínakjöti hafa verið áberandi að undanförmu.

## Engir styrkir en mikil vernd

Ófugt við sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu nýtur svínakjötsframleiðsla á Íslandi engra ríkisstyrkja. Hins vegar er innflutningur á svínakjöti ennþá takmarkaður enda eru lagðir tollar á allt innflutt kjöt. Í fyrra voru tollar þó lækkaðir um 40% og leyft að flytja inn 200 tonn af frosnu svínakjöti án tolla. Árið 2005 voru flutt inn 12 tonn af svínakjöti eða um 0,2% af svínakjötsneyslu í landinu. Í fyrra voru flutt inn rúmlega 281 tonn, eða sem nemur 4,6% af neyslunni, og á fyrstu mánuðum þessa árs var hlutur innflutts svínakjöts í neyslu Íslendinga

kominn upp í 6,5%. Þótt tollar hafi lækkað eru þeir þó enn fyrir hendi og misháir. Sem dæmi er 18% tollur á svínalundum auk 717 króna magnstolls á hvert kíló. Lægri tollur er á reyktu beinlausu svínakjöti eða 18% tollur og 268 krónur á kíló. Þá nýtur íslenskur landbúnaður auðvitað fjarlægðarverndar því flutningsleiðin frá helstu mörkuðum er bæði löng og dýr.

## Ekki samkeppnishæfir?

Sú spurning vaknar af hverju íslenskir svínabændur geti ekki keppt við erlenda framleiðslu, t.d. danska? Launakostnaður getur ekki verið hærri hér á landi. Umhverfiskröfur eru varla meiri en hjá Dönnum þar sem þeir eiga í erfiðleikum vegna mengunar frá svínabúum enda eru búin stór og landið mjög þéttbýlt. Verð á rafmagni og hita er jafnvel lægra hér en í Danmörku og á meðan byggingarkostnaður er hugsanlega hærri hér hlýtur lóðaverð að vera lægra. Fóður er selt á heimsmarkaði þannig að íslenskir svínabændur sitja við sama borð og evrópskir hvað það varðar en vissulega þarf að flytja fóðrið hingað til lands.



Mynd: Bændablaðið

## Samanburður ekki sanngjarn

Ingvi Stefánsson, formaður svínaræktarfélags Íslands, segir samanburðinn við Danmörku ekki sanngjarnan. „Til að byrja með vil ég benda á að dönsk svínarækt er að fara í gegnum mjög erfiða tíma um þessar mundir og samkvæmt nýjustu tölum frá Danmörku hefur grísum undir 50 kg fækkað um 14% á einu ári. Eins hafa Danir ítrekað orðið uppvisir að því að brjóta ýmsar reglugerðir um aðbúnað og meðferð sláturgripa. Það er viðbúið að slíkt gerist þegar samkeppnin verður óeðlilega



hörd og allt er gert til að ná niður verði. Ég veit að við viljum ekki sjá slíkt gerast hér á Íslandi. Staðreyndin er sú að dönsk svínarækt stendur höllum fæti í samkeppni við lönd eins og Rússland, Úkraínu, Pólland og Rúmeníu en þar eru laun lægri, kröfur til aðbúnaðar minni og mun minna lagt upp úr velferð dýra. Fólk verður að hafa í huga að gæði og verð fara oftast saman.“

#### Fóðurverð vegur þungt

Hvað varðar spurninguna um samkeppnishæfi íslenskra svínabónda segir Ingvi að ýmislegt skýri þann verðmun sem er á íslenski og t.d. danski framleiðslu. „Stærsti einstaki liðurinn er munur á fóðurverði hér og erlendis en nærri lætur að um helmingur framleiðslukostnaðar sé vegna fóðurs. Þrátt fyrir að við getum keypt niðurgreitt korn frá löndum Evrópusambandsins vegur flutningskostnaður þungt enda þurfum við 4-5 kg af korni til að búa til 1 kg af svínakjöti.“

#### Kornrækt á Íslandi

En þar sem fóðrið vegur svona þungt hlýtur að vera hagkvæmast að rækta eins mikið og hægt er hér á landi. Í 24 stundum þann 17. apríl sl. kom fram að hægt væri að framleiða 75% þess korns sem þörf er á til fóðurgerðar hérlendis. Í dag eru ræktuð 11.000 tonn af byggji en það magn þyrfti að fimmfalda til að uppfylla innlenda

eftirspurn. Kemur ekki til greina að rækta meira korn?

„Ef styrkir til kornræktar væru sambærilegir við það sem gerist í Evrópu væri kornrækt hér á landi ekki bara raunhæfur kostur heldur beinlínis fýsilegur“, segir Ingvi.

#### En kemur ekki til greina að auka kornrækt án ríkisstyrkja?

„Jú, kornrækt er að aukast og við viljum feta okkur áfram í þá átt að auka kornrækt hér á landi. Vandamálið er að það kallar á fjárfestingu og áhættu sem fáir eru til í að leggja út í á meðan jafnmikil óvissa er um horfur í okkar rekstri. Við búum ekki eins vel og t.d. sauðfjár- og kúabændur sem fá samninga við ríkisvaldið til fjölda ára. Ég minni á að svínarækt hér á landi er að keppa við niðurgreidda framleiðslu úti í heimi. Ég fullyrði að ef við gætum keypt fóður, bóluefni, rekstrarvörur og önnur aðföng á sömu kjörum og kollegar okkar erlendis værum við samkeppnisfærir. Vaxtastigið yrði líka að vera það sama en svínarækt er mjög fjárfrek grein og lítil velta á bak við hverja krónu sem fjárfest er fyrir. Sláturhúsin og kjötvinnslurnar hér á landi búa einnig við allt önnur skilyrði og sem dæmi má nefna að hér á landi er svinum slátrað í sex sláturhúsum og heildarslátrun er 80 þúsund grisir á ári. Stærsta svínasláturhús Danmerkur slátrar samsvarandi magni á einni viku.

#### Of lítil bú

Á Íslandi eru 20 svínabú dreifð um landið. Eitt sæmilega stórt bú í Danmörku gæti séð Íslendingum fyrir öllu því svínakjöti sem við neytum. Það liggur því beinast við að spyrja Ingva hvort íslensk svínabú séu einfaldlega ekki of lítil til að hægt sé að ná fram hagkvæmum rekstri? „Svínabúum hefur fækkað mikið á undanförunum árum og búin hafa stækkað. Auðvitað er viss stærðarhagkvæmni eftir því sem búin verða stærri en það getur líka verið ókostur að hafa búin mjög stór. Ef t.d. alvarlegir sjúkdómar berast inn á bú sem hefði í för með sér að nauðsynlegt væri að slátra bústofninum, hvar værum við stódd þá með einungis eitt bú hér á landi? Það er ekki gott að hafa öll eggjin í sömu körfunni.“

**Hafa svínabændur ekki gott af samkeppni rétt eins og aðrir? Hvaða tryggingu hafa íslenskir neytendur fyrir því að fákeppnin hér leiði ekki til óeðlilega hárs verðs á svínakjöti?**

„Auðvitað höfum við eins og aðrir gott af samkeppni og ég held að allir sem þekkja til í þessari grein viti að það er mikil samkeppni á milli framleiðenda. Það eru ekki nema 3-4 ár síðan greinin fór í gegnum mjög erfiða tíma með gjaldþrotum og tilheyrandi erfiðleikum. Það má líka spyrja á móti, er eðlilegt að fella niður tolla á innflutt kjöt og láta okkur keppa við niðurgreidda framleiðslu utan úr í heimi? Við megum

## Er svínarækt ekki landbúnaður?

Stundum er talað um að svínarækt sé líkari verksmiðjuframleiðslu en hefðbundnum landbúnaði og það sama á reyndar við um kjúklingaeldi. Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs Bændasamtakanna, segist tvímælalaust telja svínaræktun til landbúnaðar enda sé það sem notað er til eldisins að stærstum hluta uppskera lands og í nokkrum mæli innlent. Jafnframt segir Gunnar að svínabúin hér á landi séu af breytilegri stærð og sum séu hrein fjölskyldubú. Þau stærstu séu auk þess ekki stærri en svo að hæpið sé að tala um verk-smiðjuframleiðslu.

## Samanburður á svínarækt í Danmörku og á Íslandi

### Fjöldi svínabúa

Í Danmörku eru tæplega 8.000 svínabú en þeim hefur fækkað mikið á undanföllum árum. Á Íslandi eru 20 svínabú.

### Fjöldi dýra

Í Danmörku eru 13,5 milljónir dýra á búunum á hverjum tíma. Stærstu búin í Danmörku eru með 4000 gyltur (móður-dýr). Á Íslandi eru á hverjum tíma 40 þúsund dýr og um 4.000 gyltur.

### Framleiðsla

Danir slátra árlega 25 milljónum grísa og fá þannig 2 milljónir tonna af kjöti. Danir eru stórir útflytjendur svínakjöts og flytja árlega út um 1,8 milljónir tonna af því. Útflutningstekjur af svínakjöti nema um 50% af öllum útflutningstekjum af landbúnaðarvörum og 6% af heildarútflutningstekjum. Ekkert er flutt út af svínakjöti frá Íslandi og fer öll svínakjötsframleiðsla á innanlandsmarkað.

ekki gleyma því að Evrópusambandið skilgreinir svæðið norðan 62. breiddargráðu sem harðbýlt landbúnaðarsvæði og því njóta t.d. Finnar meiri styrkja en aðrar þjóðir sambandsins. Að sama skapi hljóta íslensk stjórnvöld að viðurkenna að það kostar meira að framleiða matvæli hér heldur en sunnar í álfunni. Því er ekki óeðlilegt að stjórnvöld styrki og hlúi að íslenskum landbúnaði.“

### Íslendingar borða minnst svínakjöt

Ef Norðurlandþjóðirnar eru bornar saman kemur í ljós að Danir borða mest allra af svínakjöti eða að meðaltali 38 kíló á íbúa ári. Íslendingar borða hins vegar minnst af svínakjöti eða um 22 kíló á ári á hvern íbúa. Íslendingar borða aftur á móti langmest af lambakjöti af öllum Norðurlandþjóðunum. Það liggur því beinast við að spyrja Ingva hvort það hafi ekki mistekist að markaðssetja íslenska svínakjötið?

„Það er kannski ekki sanngjarnt að miða okkur við Dani þar sem þeir eru meðal fremstu svínakjötsframleiðenda í heimi. Mikil neysla svínakjöts þar í landi kemur því varla á óvart. Hins vegar hefur neysla á svínakjöti hér á landi vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Þá má ekki gleyma því að svínakjöt keppir við ríkisstyrkta framleiðslu (lambakjöt) sem skykkir klárlega samkeppnisstöðu svínabænda. Þróunin sýnir okkur að það hefur verið nokkuð stöðug aukning í neyslu á svínakjöti hér á landi og ég er fullviss um að sú þróun mun halda áfram.“

### Nú heyrast háværar kröfur um aukinn innflutning á svína- og kjúklingakjöti og svínabændur eru ekki ánægðir með það. En þið skiljið kröfu neytenda um lægra verð?

„Að sjálfsögðu skiljum við þau sjónarmið enda erum við sjálfir neytendur og það er ljóst að verð á matvælum, líkt og á öðrum nauðsynjavörum, er hátt hér á landi. Hvað varðar landbúnaðarframleiðslu verðum við aldrei fullkomlega samkeppnishæf við aðrar þjóðir þar sem skilyrðin eru betri og sláturhús og kjötvinnslur jafnvel margfalt stærri en hér á landi. Hins vegar vil ég benda á að það eru ekki bara landbúnaðarafurðir sem eru dýrar. Til dæmis má bera saman verð á fatnaði og skóm sem vegur álika mikið í heildarútgjöldum heimilanna og öll innlend búvara (kjöt, mjólk, egg og grænmeti). Ég bar gögn frá Hagstofu Danmerkur fyrir árið 2006 saman við íslensk gögn og

sá þá að kjöt kostar 27% meira hér en í Danmörku. Hins vegar kosta fatnaður og skór tæpum 28% meira hér en í Danmörku. Þessi verðmunur verður ekki útskýrður með ofurtollum. Það fyrirtæki sem er ráðandi á matvörumarkaði hefur einnig stóra markaðshlutdeild í sölu á fatnaði og skóm. Þessu fyrirtæki hefur ekki tekist að skila þessu „danska verðlagi“ á fatnaði og skóm til íslenskra neytenda. Því ætti eitthvað annað að gilda um landbúnaðarvörurnar þegar til lengri tíma er litið?“

### Skilaréttur smásalans óréttlátur

„Eitt af því sem gerir okkur erfitt fyrir er skilaréttur smásalans sem þýðir að smásalinn skilar kjöti sem er komið á síðasta sölundag aftur til kjötvinnslunnar. Þessi skil nema fleiri hundruðum milljóna á ári. Það vantar því hvata fyrir verslanir að selja kjötið því tjónið er alfarið á kostnað vinnslunnar. Með auknum innflutningi höfum við áhyggjur af því að þessi skil muni aukast. Smásalinn getur ekki skilað innflutta kjötinu og því má gera ráð fyrir að því verði gert hærra undir höfði og stíllt fremst í hillur svo það seljist örugglega. Þá höfum við miklar áhyggjur af þeirri fákeppni sem ríkir á smásölumarkaði enda veit ég ekki um neitt land á Vesturlöndum þar sem það viðgengst að einn aðili hafi um 60% markaðshlutdeild. Bretar hafa miklar áhyggjur af því að stærsta matvörukeðjan þar (Tesco) misnoti markaðsráðandi stöðu, en hún er með rúm 30% af smásölu-markaðinum.“

### Hvað með að selja kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir beint til neytenda?

„Þetta er svo sem fyrirkomulag sem við þekkjum erlendis frá og það er einhver þróun í þessa átt hér á landi en enn sem komið er með misjöfnum árangri. En ef þetta væri krafa neytenda væri það klárlega eitthvað sem við myndum koma til móts við.“

### En verðið þið ekki að eiga frumkvæðið? Fólk fer varla að banka uppá hjá næsta bónda svona upp úr þurru og biðja um reyktan hamborgarhrygg?

„Jú, eflaust mættum við standa okkur betur í þessu. Það er þó talsverður startkostnaður við að fara út í að slátra eða vinna kjöt heima á búinu. Ég tel frekar að þróunin verði í þá áttina að sláturleyfishafar slátri í verktöku fyrir bændur sem taka þá kjötið aftur heim til sín og selja beint til neytenda.“



# „Höft verði afnumin og eftirlitið aukið“ segir Jóhannes Gunnarsson

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, svarar hér nokkrum spurningum um áherslur samtakanna í landbúnaðarmálum.

## Er krafa Neytendasamtakanna að afnema eigi öll höft á innfluttar landbúnaðarvörur?

Neytendasamtökin hafa ítrekað bent á að hátt verð á landbúnaðarvörum er mikið vandamál hér á landi. Hátt verð gerir það einnig að verkum að verð á ýmsum öðrum vörum, sem eru í samkeppni við landbúnaðarvörur, er hærra en ella væri. Á sama tíma nýtur íslenskur landbúnaður meiri opinbers stuðnings en í flestum öðrum löndum. Því hafa Neytendasamtökin margítrekað kallað eftir aðgerðum stjórnvalda til að gera innlenda landbúnaðarframleiðslu hagkvæmari. Því miður hafa stjórnvöld ekki sinnt þessu.

Í grunninn vilja Neytendasamtökin afnema höft á innflutning. Við höfum hins vegar lagt áherslu á að heilbrigði þeirra vara sem fluttar eru inn sé hafið yfir allan vafa.

Raunar gera Neytendasamtökin greinarmun á framleiðslu á kjúklinga- og svínakjöti og eggjum annars vegar og hins vegar á svo kölluðum hefðbundnum landbúnaðarvörum; mjólkurvörum, nauta- og lambakjöti. Hvað varðar hvíta kjötið og eggin þá teljum við að gefa eigi innflutning frjálsan svo fremi að eðlilegar heilbrigðiskröfur eru uppfylltar. Þá er mikilvægt að framleiðendur hér sitji við sama borð og erlendir framleiðendur varðandi verð á nauðsynlegum aðföngum. Minnt er á að mikil samþjöppun hefur átt sér stað í þessum greinum og að réttara er að

tala um iðnaðarframleiðslu en landbúnað. Hvað varðar hinar svo kölluðu hefðbundnu landbúnaðarvörur hafa Neytendasamtökin fallist á að þær fái lengri aðlögunartíma, þó þannig að tollar lækki nú þegar verulega og falli svo niður innan fárra ára.

## Er ekki hættu á að slíkt riði íslenskum landbúnaði að fullu?

Neytendasamtökin hafa fulla trú á íslenskum landbúnaði og telja að hann eigi að lifa af vaxandi samkeppni svo fremi að frelsi verði aukið í framleiðslunni. Íslenskir neytendur treysta íslenskum vörum best þegar kemur að hreinleika og hollustu. Þessi staðreynd kemur innlendum framleiðendum til góða ef rétt er á haldið, t.d. ef upprunals er ávallt getið eins og Neytendasamtökin hafa ítrekað gert kröfu um. Fjarlægðarverndin er einnig mikilvæg. Það er ljóst að heimsviðskipti með landbúnaðarvörum munu stórukast á komandi árum vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Það er því mun meiri hættu á að íslenskur landbúnaður hrynji þá ef ekkert verður að gert og því mikilvægt að við byrjum strax að undirbúa okkur. Spyrja má hvort það sé réttlátt að ef ekki er hægt að framleiða ákveðnar vörur hér án þess að leggja tolla á sambærilegar innfluttar vörur verði íslenskir neytendur að gjalda fyrir það með miklu hærra verði. Þegar Ísland gerðist aðili að EFTA datt engum í hug að styrkja sérstaklega fata- og húsgagnaiðnað. Það var einfaldlega ódýrara að flytja þessar vörur inn og því lagðist þessi framleiðsla niður hér á landi.

## Hvað með rök bænda um gæði og hreinleika íslenskra afurða?

Ef neytendur í nágrannalöndum okkar eru spurðir sömu spurningar eru flestir

sammála um að landbúnaðarvörur sem framleiddar eru í þeirra heimalandi séu þær bestu. Með vaxandi innflutningi mun þetta sjónarmið, sem flestir íslenskir neytendur deila með bændum, styrkja innlendar vörur í samkeppni við innlendar. Þá er mikilvægt að neytendur viti ávallt á sölustað hvert upprunaland vörunnar er og er ástæða til að hvetja bændur til að taka undir kröfu Neytendasamtakanna um að slíkar upplýsingar komi skýrt fram. Það hefur komið fram hjá fjölmörgum neytendum að þeir séu tilbúnir til að greiða meira fyrir innlendar landbúnaðarvörur en innfluttar. En til að neytendur hafi raunverulegt val þarf að tryggja þeim nauðsynlegar upplýsingar og á það ekki sist við um upprunalandið.

## Nú benda bændur á að verðlag á mörgum innlendum vörum (öðrum en landbúnaðarvörum) sé hærra hér en erlendis. Það sé því ekki tryggt að hér verði „erlent“ verð á landbúnaðarvörum þótt innflutningur verði gefinn frjáls.

Það er rétt að verð á sumum vörum sem framleiddar eru hér á landi, eins og á gosdrykkjum og brauði, er hærra hér en í nágrannalöndum okkar og munar miklu. Minnt er á að fákeppni ríkir innan þessara greina. Hér þurfa því samkeppnisfyrirvöld að koma sterkt inn til að tryggja hagsmunum neytenda enda er löngu ljóst að virk samkeppni er það eina sem tryggir þá.

## Dýrt að kaupa staka snýtu-klútapakka



Neytendasamtökin fengu ábendingu sem vert er að koma á framfæri. Í verslunum 10-11 eru seldir litlir pakkar af snýtu-klútum frá Euroshopper. Pakkinn kostar 69 krónur og inniheldur hver pakki 10 bréf/snýtu-klúta. Í 10-11 er einnig hægt að kaupa magnpakkningu með 15 snýtu-klútupökkum sem kostar 299 krónur. Það gerir 20 krónur fyrir pakkann sem er mun hagstæðara en stöku pakkarnir á 69 krónur.

Í Bónus kostar magnpakkningin (15 pakkar) 159 krónur sem þýðir að hver pakki kostar einungis 11 krónur. Það getur því margborgað sig að gera verðsamanburð og skoða sérstaklega mælieiningaverðið sem segir til um stykkja-, kíló- eða lítraverð vöru.

## Mætið á þingið – hafið áhrif!

Þing Neytendasamtakanna verður haldið dagana 19.–20. september nk. Samkvæmt lögum samtakanna geta allir skuldausir félagsmenn verið fulltrúar á þinginu enda tilkynni þeir um þátttöku með a.m.k. viku fyrirvara.

Þingið er æðsta vald í málefnum Neytendasamtakanna. Félagsmenn eru hvattir til að hafa áhrif á starf og stefnu samtakanna með því að sitja þingið. Áhugsamir tilkynni um þátttöku í síma 545 1200 og 462 4118 eða á netfangið ns@ns.is.